

Seltjarnarnesbær
Sigurður Valur Ásbjarnarson
Austurströnd 2
170Seltjarnarnes

Reykjavík 7. febrúar 2020
UST202001-507/A.B.
10.04.00

Efni: Lýsing - Breyting á Aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015-2033 og á deiliskipulagi - Kirkjubraut

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Seltjarnarnesbæjar er barst 30. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á Aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015-2033 og deiliskipulag við Kirkjubraut.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að skilgreind verður ný lóð fyrir búsetukjarna við Kirkjubraut 16 og 18.

Náttúruminjar

Í greinargerð kemur fram að Kollur Valhúsahæðar er á C-hluta náttúruminjaskrár sem ekki hefur verið endurskoðuð skv. nýjum náttúruverndarlögum. Náttúruminjaskráin felur grófa landfræðilega afmörkun en afmörkunin skv. túlkun sveitarstjórnar kemur fram á þemauppdrætti 2 í aðalskipulaginu og skarast ekki við væntanlega lóð búsetukjarnans.

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið er á náttúruminjaskrá vegna útivistargildis og útsýnis og er fjallað er um svæðið á bls 52 í greinargerð gildandi aðalskipulags.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi hver áhrif tillögunnar verða á ásýnd svæðisins og hvort að tillagan hafi neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminja, þ.e. útivistargildi og útsýni.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur